

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga – Stuðlar–

Lagt er til við stjórn KSÍ að grein 18.2.7. verði felld út úr reglugerðinni:

~~18.2.7. Stuðullinn er 1 fyrir alla konur~~

Greinargerð:

Með því að fella þetta ákvæði brott myndi sami margfeldisstuðull verða hagnýttur bæði fyrir karla og konur.

Þó að baki þessari málsgrein sem hér er lagt til að verði felld brott búi góður hugur um að stuðla að lipurri skiptingu milli liða af hálfu leikmanna og að steinar séu síður lagðir í þeirra götu með háum fjárkröfum þar sem minna hefur verið um fé milli handa í kvennaknattspyrnunni lýsir ákvæði þetta úreltu viðhorfi til jafnréttis kynjanna. Kappkosta ber að jafna þennan mun á allan hátt í stað þess að binda hann í reglur Knattspyrnusambandsins.

Rétt er líka að áréttta að þessi mismunun felur í sér brot á grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar sem bannar mismunun á grundvelli kynferðis. 65. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands hljóðar svo:

65. gr. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Knattspyrnusamband Íslands er samband allra iðkenda knattspyrnu óháð kynferði og því er sambandinu ekki tækt að mismuna félagsmönnum sínum með þessum hætti og því brýnt að ákvæði þessu verði breytt.

HK